

Snæfellsbær
Klettsbúð 4
360 Snæfellsbæ.

Garðabær, 8. janúar 2024
Málsnúmer: 202312-0013
IAS

Efni: Miðsvæði á Hellissandi, deiliskipulagslýsing

Unnið verður deiliskipulag fyrir lóðina Klettsbúð 9 og hún sameinuð lóðinni nr. 7a sem er óbyggð.

Vísað er í tölvubréf frá Snæfellsbæ, dagsett 18. desember, í gegnum skipulagsgátt þar sem beðið er um umsögn um lýsingu á nýju deiliskipulagi fyrir miðsvæði á Hellissandi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögnin og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Á kortasjám Náttúrufræðistofnunar Íslands: „Sérstök vernd vistkerfa og jarðminja og „Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi“ kemur fram að umrædd lóð er á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr laga um náttúruvernd, og innan mikilvægs fuglasvæðis en þar sem um er að ræða sléttaða byggingarlóð þá á þetta ákvæði ekki við. Lóðin er jafnframt innan afmörkunar svæðis 223 á náttúruuminjarskrá. „Utanvert Snæfellsnes“ en um það segir: „Snæfellsnes utan ræktaðs lands og þéttbýli“ og á því ekki við um lóðina.

Náttúrufræðistofnun gerir engar athugasemdir við lýsinguna.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

